



ÖRYGGISBLAÐ

skv. reglugerð (EB) nr. 1272/2008

Útgáfa: 3

Dags. endurskoðunar: 23. janúar 2014

1. AUÐKENNING EFNISINS/BLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS/FYRIRTÆKISINS

1.1. Vörukenni **VISCO 7000 0W-40**
1.2. Tilgreind notkun Vélarolía fyrir sveifarhús í ökutækjum.

1.3. Söluaðili Olíuverzlun Íslands hf.
Katrínartúni 2
105 Reykjavík

Sími: 515 1000

Netfang: olis@olis.is

Veffang: www.olis.is

1.4. Neyðarsímanúmer
Neyðarlínan: 112
Eitrunarmiðstöð LSH: 543 2222

2. HÆTTUGREINING

2.1. Flokkun efnisins eða blöndunnar
Flokkun skv. reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (CLP)
Flokkun Ekki flokkað.

2.2. Merkingaratriði
Viðvörðunorð Ekkert viðvörðunorð.
Hættusetningar Engar hættusetningar.
Viðbótarmerkingar Öryggisblað er fánlegt sé um það beðið.

2.3. Aðrar hættur
Ekki flokkunarskylt Veldur minnkun náttúrulegrar húðfitu.
Notaðar vélarolíur geta innihaldið hættuleg efni sem geta valdið húðkrabbameini. Sjá 11. lið fyrir upplýsingar um eiturrif.

3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

3.2 Blanda

Tilbúin grunnolía. Einkaleyfisvarin afkastaaukandi aukefni.

Efnispáttur	Efnakenni	Magn %	CLP-flokkun	Teg.
Pentadekan, 7-metýlen-, blandað með 1-tetradesen, tvíliður og þríliður, vetnaðar	CAS#: 1000172-11-1	≥25- <35	Eit. v. ásvelg. 1; H304	[1]
Grunnolía - ótilgreind	-	≥5- <10	Ekki flokkað	[2]

[1] Efni flokkað sem hættulegt heilsu eða umhverfi.
Hættusetningar eru skráðar í 16. lið.

4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHLJÁLPI

4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi

Eftir innöndun Færið viðkomandi í ferskt loft. Leitið lækni ef einkenni koma fram.
Eftir snertingu við augu Skolið strax með miklu vatni í a.m.k. 15 mínútur. Fjarlægjið snertilinsur. Haldið augnlokum frá auganu til að tryggja vandlega skolun. Leitið lækni.
Eftir snertingu við húð Þvoið húðina vandlega með sápu og vatni eða notið viðurkenndan húðhreinsi. Fjarlægjið föt og skó sem óhreinkast af efninu. Þvoið föt fyrir næstu notkun. Þvoið skó vandlega áður en þeir eru notaðir aftur. Leitið lækni ef ertingar verður vart.
Eftir inntöku Framkallið ekki uppköst nema að ráði heilbrigðisstarfsfólks. Leitið lækni ef einkenna verður vart.

4.2. Helstu einkenni og áhrif, bæði bráð og tafir

Einkenni og áhrif Sjá 11. lið fyrir nánari upplýsingar um einkenni og áhrif á heilbrigði.

4.3. Merki um þörf á bráðri lækniþjónustu eða sérstakri meðhöndlun

Sérstök meðhöndlun Meðhöndlið einkenni og dragið úr áhrifum.

5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIAÐGERÐA

5.1. Slökkvibúnaður

Viðeigandi Alkóhólþolin froða, slökkviduft eða koltvísýringur.

Óviðeigandi Notið ekki vatnsbunu.

5.2. Sérstök hættu af blöndunni

Sérstök hættu Við bruna eða upphitun eykst þrýstingur og ílát getur sprungið.

Skaðleg myndefni við bruna Kolefnisoxíð.

5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

Sérstakar ráðstafanir Ekki gera neitt sem felur í sér persónulega áhættu án sérstakrar þjálfunar. Ef eldur kemur upp, rýmið svæðið eins fljótt og mögulegt er. Slökkviliðsmenn skulu nota viðeigandi hlífðarbúnað og ferskloftstæki með andlitsgrímu, stillt á yfirþrýsting. Fatnaður (þ.á.m. hjálmur, stígvél og hanskar) í samræmi við evrópska staðalinn EN 469 veitir grunnvörn í tilfelli efnaleka.

Hlífðarbúnaður

6. RÁÐSTAFANIR EF EFNI FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk

Almennar ráðstafanir Ekki gera neitt sem felur í sér persónulega áhættu án sérstakrar þjálfunar. Rýmið nærliggjandi svæði. Haldið óviðkomandi og vanbúnu starfsfólki frá svæðinu. Notið viðeigandi öndunargrímu ef loftræsting er ekki næg. Snertið hvorki né gangið á leka. Gólf geta verið hál. Notið viðeigandi hlífðarbúnað.

Bráðaliðar Sjá upplýsingar um viðeigandi og óviðeigandi efni í hlífðarbúnaði í 8. lið, ef þörf er á sérstöku hlífðarfatnaði við meðhöndlun leka.

6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

Ráðstafanir Hindrið að berist í jarðveg, fráveitur, vatnsfarvegi og holræsi. Gerið yfirvöldum viðvart ef efnið veldur umhverfismengun (fráveitur, vatnsfarvegir, jarðvegur, andrúmsloft).

6.3. Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Minniháttar leki Stöðvið leka ef mögulegt án áhættu. Flytjið ílát af lekasvæði. Safnið leka með hvarftregu ísogsefni og setjið í viðeigandi ílát til förgunar. Fargið hjá viðurkenndum förgunaraðila.

Meiriháttar leki Hafið strax samband við neyðarþjónustu. Stöðvið leka ef mögulegt án áhættu. Flytjið ílát af lekasvæði. Hindrið að berist í fráveitur, vatnsfarvegi, kjallara eða lukt rými. Haldið leka í skefjum og safnið með eldtraustu ísogsefni, s.s. sandi, jarðvegi, vermikúlíti eða kísilgúr og dælið eða mokið í ílát til förgunar. Fargið hjá viðurkenndum förgunaraðila í samræmi við gildandi lög og reglur.

6.4. Tilvísun í aðra liði

Aðrir liðir Sjá 1. lið fyrir neyðarsímanúmer.
Sjá 5. lið fyrir ráðstafanir vegna slökkviaðgerða.
Sjá 8. lið fyrir upplýsingar um viðeigandi persónuhlífar.
Sjá 12. lið fyrir varúðarráðstafanir vegna umhverfisins.
Sjá 13. lið fyrir viðbótarupplýsingar um förgun.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

7.1. Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

Varúðarráðstafanir Notið viðeigandi persónuhlífar.
Hreinlæti Ekki borða, drekka eða reykja þar sem efnið er meðhöndlað, geymt og unnið. Þvoið ykkur vandlega eftir meðhöndlun. Farið úr fötum og hlífðarfatnaði áður en gengið er inn á svæði þar sem borðað er. Sjá einnig 8. lið fyrir upplýsingar um hreinlætisráðstafanir.

7.2. Örugg geymsluskilyrði, einnig m.t.t. ósamrýmaleika

Ráðstafanir Geymið og notið aðeins í sérhönnuðum ílátum/búnaði fyrir þessa vöru. Haldið fjarri hita og beinu sólarljósi. Ílát skulu vera tryggilega lukt og innsigliuð þar til þau eru notuð. Ílát sem búið er að opna skulu innsigliuð að nýju og látn standa lóðrétt til að forðast leka. Geymið ekki í ómerktum ílátum. Hagið geymslu í samræmi við gildandi lög og reglur. Geymið á þurrum, svölum og vel loftræstum stað, fjarri ósamrýmanlegum efnum (sjá 10. lið).

Óviðeigandi Langvarandi geymsla við hækkað hitastig.

7.3. Sérstök notkun

Sérstök notkun Sjá lið 1.2.

8. VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

8.1. Viðmiðunarmörk fyrir váhrif

Grunnolia – ótilgreind STEL: 10 mg/m³ 15 mínútur (úði).
TWA: 5 mg/m³ 8 klst. (úði)

Váhrifamörk í starfi Þó að gefin séu upp váhrifamörk fyrir tiltekin efni í þessum lið, geta önnur efni myndast í úða, gufu eða ryki. Mögulega eiga tilgreind váhrifamörk því ekki við um við vöruna í heild og ætti því að einungis að nota til leiðbeiningar.

Vöktun Ef varan inniheldur efni með tilgreind váhrifamörk gæti þurft að vakta þéttni þess svo gera megi ráðstafanir m.t.t. loftræstingar og/eða öndunarhlífa. Athugið viðeigandi eftirlitsstaðla: Evrópustaðall EN 689 (Loftgæði á vinnustað – Leiðbeiningar um mat á váhrifum við innöndun á efnum m.t.t. viðmiðunarmarkna og mæliaðferða). Evrópustaðall EN 14042 (Loftgæði á vinnustað – Leiðbeiningar um beitingu og notkun ferla við mat á váhrifum af völdum efna og líffræðilegra áhrifavalda) Evrópustaðall EN 482 (Loftgæði á vinnustað - Almennar kröfur um framkvæmd aðferða við mælingar á efnum) Athugið einnig landsbundnar leiðbeiningar um aðferðir við mat á hættulegum efnum.

8.2. Váhrifavarnir

Tæknilegar ráðstafanir Komið fyrir útsogskerfi eða öðrum búnaði til að halda loftþéttni undir váhrifamörkum í starfi. Hugið að persónuhlífum eftir að almennar ráðstafanir eru gerðar. Hlífðarbúnaður skal vera í samræmi við viðeigandi staðla, henta vel til notkunar og réttilega við haldið. Ráðfærið ykkur við söluaðila hlífðarbúnaðarins varðandi val og viðeigandi staðla. Fyrir frekari upplýsingar, hafið samband við Staðlaráð Íslands. Val á hlífðarbúnaði byggist á áhættumati. Mikilvægt er að tryggja að einstakir hlutar hlífðarbúnaðarins eigi saman.

Hreinlætisráðstafanir Þvoið vel hendur, framhandleggi og andlit eftir notkun íðefna áður en borðað er, reykt og farið á salerni og við lok vinnustunda. Notið viðeigandi aðferðir við að fjarlægja mögulega óhreinikaðan fatnað. Þvoið óhreinikaðan fatnað fyrir næstu notkun. Augnskolunarbúnaður og öryggissturtur skulu vera nálægt vinnustöð.

Öndunarhlífar Öndunarhlífa er venjulega ekki þörf þar sem náttúrulegt eða stýrt útsog takmarkar váhrif nægilega. Ef loftræsting er ekki næg, notið viðeigandi öndunarhlífar. Val á öndunarhlífum skal ráðast af efninu sem unnið er með, vinnuskilyrðum, notkun og ástandi öndunarhlífa, í samráði við birgi/framleiðanda og byggja á heildarmati á vinnuaðstæðum. Móta skal öryggisreglur fyrir hverja tiltekna notkun.

Til hlífðar höndum Notið hlífðarhanska ef líkur eru á langvarandi eða endurtekinni snertingu. Notið efnapolna hanska. Mælt er með nítrílhönskum. Val á hlífðarhönskum skal ráðast af efninu sem unnið er með, vinnuskilyrðum, notkun og ástandi hanskana (jafnvel mjög efnapolnir hanskar eyðast með tímanum við endurtekna snertingu við efni). Skiptið reglulega um hanska. Vegna þess hve vinnuskilyrði og meðhöndlun geta verið breytileg skal móta öryggisreglur fyrir hverja tilgreinda notkun. Veljið hanska í samráði við birgi/framleiðanda sem byggir á heildarmati á vinnuaðstæðum. Samfelld snerting: Hanskar með a.m.k. 240 mín. gegnþrengingartíma. Ef ekki fást hentugir hanskar með svo mikið þol, gætið þess þá að skipta reglulega um hanska.

Skammtíma/ósamfelld snerting: Hanskar með a.m.k. 240 mín. gegnþrengingartíma. Gætið þess að skipta reglulega um hanska ef notaðir eru hanskar með minna þol. Þykkt hanska: 0,35 mm. Eftir atvikum getur eðli verks krafist þess að notaðir séu þynnri hanskar. Gætið þess þá að skipta reglulega um hanska.

Til hlífðar augum/andl. Öryggisgleraugu með hliðarvörn.

Húð og líkami

Notkun hlífðarfatnaðar er góð vinnuregla. Veljið hlífðarfatnað m.t.t. verks og hættunnar sem í því felst. Veljið hlífðarfatnað sem viðurkenndur er af sérfræðingi. Bómullar- eða pólýester/bómullarsamfestingar veita einungis vörn gegn minniháttar yfirborðsmengun sem gegnbleytir ekki. Samfestinga skal þvo reglulega. Þegar mikil hætta er á snertingu við húð (s.s. við hreinsun leka eða þar sem hætta er á slettum) skal nota efnapolnar svuntur og/eða efnapolinn klæðnað og stígvél.

Umhverfisráðstafanir Tryggið að útblástur í gegnum loftræstingu eða frá vinnuferlum og búnaði séu í samræmi við kröfur í umhverfisverndarlöggjöf. Í sumum tilfellum þarf að koma fyrir útblásturshreinsibúnaði eða gera tæknilegar breytingar á búnaði til að koma útblæstri undir viðmiðunarmörk.

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

9.1 Upplýsingar um helstu eðlis- og efnafræðilega eiginleika

Eðlisástand	Vökvi
Litur	Rafgulur (ljós)
Lykt	Engar upplýsingar
Bræðslumark	-63°C
Rennslismark	-60°C
Blossamark	Opið ílát: 244°C (Cleveland)
Eðlisþyngd	0,838 g/cm ³ við 15°C
Deilistuðull n-oktanól/vatn	Engar upplýsingar.
Eðlisseygja	75,7 mm ² /s við 40°C 12,8 mm ² /s við 100°C
Leysni	Óleysanlegt í vatni.

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

10.1. Hvarfgirni

Hvarfgirni Engin prófunargögn tiltæk fyrir efnið.

10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki

Stöðugleiki Stöðugt.

10.3. Hætta á skaðlegum efnahvörfum

Skaðleg efnahvörf Ekki hætta skaðlegum efnahvörfum eða fjölleiðun við venjuleg notkunar- og geymsluskilyrði.

10.4. Skilyrði sem ber að varast

Varasöm skilyrði Varist snertingu efnisins við íkveikjugjafa.

10.5. Ósamrýmanleg efni

Ósamrýmanleg efni Oxunarefni.

10.6. Skaðleg niðurbrotsefni

Niðurbrotsefni Ekki hætta á myndun skaðlegra niðurbrotsefna við venjuleg notkunar- og geymsluskilyrði.

11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Helstu íkomuleiðir Húð, innöndun.

Bráð eiturrif

Áætluð gildi Ekki tiltæk

- Innöndun Innöndun gufu við eðlilegar aðstæður er venjulega ekki vandamál vegna lágs gufuþrýstings.

- Inntaka Engin veruleg hætta þekkt.

- Snerting við húð Getur valdið húðþurrki og húðertingu.

- Snerting við augu Engin veruleg hætta þekkt.

Einkenni tengd efnislegum, efnafræðilegum og eiturefnafræðilegum eiginleikum

- Innöndun Engin gögn þekkt.

- Inntaka Engin gögn þekkt.

- Snerting við húð Getur valdið húðertingu, húðþurrki og sprunginni húð.

- Snerting við augu Engin gögn þekkt.

Bráð, tafin og langvinn áhrif vegna skammvinnrar eða langvinnrar snertingar

- Innöndun Innöndun ryks eða úða í miklu magni getur valdið ertingu í öndunarvegi.

- Inntaka Inntaka í miklu magni getur valdið ógleði og niðurgangi.

- Snerting við húð Langvinn eða endurtekin snerting getur valdið minnkun náttúrulegrar húðfitu og leitt til ertingar og/eða húðbólgu.

- Snerting við augu Getur valdið skammvinnnum sársauka eða roða ef efnið berst í augu.

Langvinn eiturrif

- Almennt Við niðurbrot vélarolía í brunavélum geta myndast efni sem geta valdið húðkrabbameini. Varist langvinna eða endurtekna snertingu við hvers kyns notaðar vélarolíur og gætið fyllsta hreinlætis.

- Krabbameinsv. áhrif Engin veruleg hætta þekkt.

- Stökkbreytandi áhrif Engin veruleg hætta þekkt.

- Eiturrif á þroskun Engin veruleg hætta þekkt.

- Áhrif á frjósemi Engin veruleg hætta þekkt.

12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

12.1. Eiturhrif

Visteiturhrif Ekki flokkað sem hættulegt.

12.2. Þrávirkni og niðurbjótanleiki

Lífbrjótanleiki Lífbrjótanlegt.

12.3. Uppsöfnun í lífverum

Uppsöfnun Efnið er ekki talið safnast upp í lífverum.

12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi

Hreyfanleiki Efnið getur þrengt sér í gegnum jarðveg og valdið grunnvatnsmengun.

12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB eiginleikum

PBT/vPvB Á ekki við.

12.6. Aðrar upplýsingar

Upplýsingar Efnið flýtur á vatni og getur haft skaðleg áhrif á lífverur.
Getur einnig truflað súrefnisflæði.

13. ATRIÐI VARÐANDI FÖRGUN

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Förgun vörunnar Lágmarkið úrgang eins og mögulegt er.
Fargið á öruggan hátt í samræmi við gildandi lög og reglur.

Hættulegur úrgangur Já.

Evrópska úrgangsskráin (EWC)

Úrgangskóði	Skilgreining úrgangs
13 02 06	Tilbúnar vélar-, gír- og smuroliur

Ef efnið er notað á annan hátt en til er ætlast eða er í návígi við önnur efni sem það getur mengast af getur þurft að farga því samkvæmt öðrum úrgangskóða af endanlegum notanda.

Förgun umbúða Umbúðum skal fargað af sérhæfðum förgunaraðila í samræmi við gildandi lög og reglur. Endurvinnið ef mögulegt.

Varúðarráðstafanir Fargið umbúðum á öruggan hátt. Leifar og gufur frá vörunni verða eftir í tómun umbúðum. Varist dreifingu efnaleka og að hann berist í jarðveg, vatnsfarvegi, holræsi eða fráveitur.

14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING

Heyrir ekki undir reglur um flutninga á hættulegum efnem.

15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

15.1.1. ESB-reglur

Reglur Flokkun, merking og þökkun í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

15.2. Efnaöryggismat

Mat Efnið inniheldur efnispætti sem ekki hafa farið í gegnum efnaöryggismat.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Hættusetningar H304 – Getur verið banvænt ef kyngt og komist í öndunarveg.

Skammstafanir **CLP:** Flokkun, merking og þökkun.

ADN: Reglur um flutning hættulegra efna á skipgengum vatnaleiðum.

Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum.

ADR: Reglur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum

Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum.

DNEL: Viðmiðunarmörk fyrir váhrif.

EmS (neyðaráætlun): Fyrri kóðinn vísar til viðeigandi brunaáætlunar og seinni kóðinn vísar til viðeigandi áætlunar vegna efnaleka.

IMDG: Alþjóðlegur kóði um siglingu með hættulegan varning.

PBT: Þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð.

PNEC: Styrkur þar sem engin váhrif eru fyrrsjáanleg.

TWA: Tímavegið meðaltal.

STEL: Skammtíma váhrif.

vPvB: Mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli.

Upplýsingarnar á þessu blaði eru, samkvæmt okkar bestu vitneskju, réttar og tæmandi á útgáfudegi. Þær eiga aðeins við um vöruna sem þær lýsa, en ætti ekki að túlka sem tryggingu fyrir tilteknum eiginleikum hennar. Ef varan er notuð með öðru efni eða í öðrum tilgangi en tilgreindur er, gæti verið að upplýsingarnar ættu ekki lengur við. Það er á ábyrgð notanda vörunnar að leggja mat á gildi og ítarleika upplýsinganna í ljósi notkunar sinnar. Engin ábyrgð er tekin á missi eða tjóni vegna notkunar þessara upplýsinga.

Þýðing og uppsetning: Reynir Hjálmarsson
Gert þann 3. nóvember 2015.
Heimild: Castrol (UK) Ltd., MSDSadvice@bp.com